

# Aðfangastefna Bókasafns Grindavíkur

## Til hvers er aðfangastefna?

Aðfangastefna er hjálpartæki fyrir starfsmenn til uppbyggingar safnkosts. Í leiðbeiningum IFLA (Alþjóðleg samtök bókavarda) um aðfangastefnu er aðalhlutverk bókasafna „að velja, viðhalda og veita aðgang að þekkingu og menningu“. Aðfangastefna styður við val á efni, aðstoðar við gerð fjárhagsáætlunar, styður við söfnun á efni, kemur í veg fyrir ritskoðun og aðstoðar við aðrar hliðar aðfangamála eins og gjafir og grisjun.

Öll aðföng ganga í gegnum ákveðinn lífsferil eða hringrás. Mary Kelly og Holly Hibner lýstu þessari hringrás myndrænt í bókinni *Making a collection count: A holistic approach to library collection management*: Lífsferill hvers aðfangs hefst á vali þar sem tekin er ákvörðun um hvort aðfangið henti safnkostinum. Að því loknu er aðfangið keypt inn, það er skráð, merkt og plastað eftir því sem við á og raðað upp í hillur. Því næst tekur við tímabil þar sem aðfangið er í notkun og eftir hana raðað á sinn stað. Þessi litli hringur getur gengið ansi lengi, hugsanlega með viðkomu í viðgerð á einhverjum tímapunkti. Grisjun er gerð reglulega og þar er ákvörðun tekin um hvort aðfangið henti enn safninu, meðal annars með tilliti til notkunar og ástands.

## Innkaup

Þar sem bókasafn Grindavíkur er almennings- og skólabókasafn stjórnast innkaup þess aðallega af tvennu: fjármagni og þörfum skólans. Þarfir almenningsafnsins eru einfaldari en þarfir skólasafnsins og notendur almenningsafnsins koma oft með ábendingar um innkaup á meðan sjá þarf þarfir skólabókasafnsins fyrir. Að sjálfsögðu er reynt að fá sem flestar bækur fyrir fjármagnið og því er í einhverjum tilvikum beðið með að kaupa aukaeintök af vinsælum bókum, þar til hægt er að fá þær á bókamörkuðum eða útsölum. Þó er reglan sú að nýjar bækur eru alltaf keyptar í einu eintaki. Reynt er að varast að kaupa inn efni sem óljóst er hvort þjóni safninu en þó er reynt að kaupa bækur sem sérstaklega er óskað eftir.

## Innkaupaviðmið

Lágmarks innkaup á íslenskum skáldsögum er ein bók. Keypt eru 2 eintök af bókum ef langur biðlisti myndast strax í upphafi (3 eða fleiri á biðlista) á meðan bókin er enn á 10 daga láni.

Bók er á 10 daga láni fyrstu 2 mánuðina eftir að hún er keypt inn.

Lágmarks innkaup á bókum fyrir börn eru einnig 1 eintak en af vinsælustu bókum og bókaflokkum eru strax í upphafi keypt 3 eintök sem er fjölgað ef erfitt reynist að anna eftirspurn. Bækur fyrir börn fara ekki á 10 daga lán.

Hámarks innkaup eru 6 eintök af hverri einstakri bók, nema ef hún er einnig notuð sem lestarbók í skólanum.

## **Gjafir**

Bókasafnið tekur ekki við bókagjöfum nema með þeim skýru formerkjum að bækur sem gefnar eru, séu eign safnsins án skuldbindinga, þær megi skrá og nota eða grísa eftir hentugleikum og samkvæmt grísjunarstefnu safnsins.